GULLKISTAN Vestfirðir

GULLKISTAN VESTFIRÐIR

06.09.2025

Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF ÁGÚSTMÁNAÐAR 2025

VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

FV@VESTFIRDIR.IS
WWW.VESTFIRDIR.IS
450-6600

FÖGNUM FJÖLBREYTTRI VESTFIRSKRI GULLKISTU

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa í samstarfi við fjölmörg fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga stendur að stórsýningunni Gullkistan Vestfirðir í íþróttahúsinu á Torfnesi næsta laugardag. Starfsfólk Vestfjarðastofu hefur síðustu mánuði unnið að undirbúningi sýningarinnar sem ætlað er að kynna alla þá fjölbreytni atvinnulífs, mannlífs og menningar sem Vestfirðir búa yfir.

Verkefnið er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða árið 2025 og er afrakstur vinnu meðal annars með Sóknarhópi Vestfjarðastofu sem taldi þörf á að auka kynningu á atvinnulífi svæðisins innan Vestfjarða. Sóknarhópur Vestfjarðastofu er samstarfsvettvangur fyrirtækja á Vestfjörðum og öllum opinn sem vilja taka þátt í fjölbreyttu samstarfi innan svæðisins og hagsmunagæslu fyrir Vestfirði.

Gullkistan er margt og með þessari sýningu erum við að segja sögur af svæði sem þorir og getur. Við erum að segja sögur af þrautseigju íbúa og atvinnulífs í gegnum erfið ár fólksfækkunar og afleitra samgangna. Þannig er Gullkistan er líka uppskeruhátíð okkar Vestfirðinga þar sem við fögnum því að vera nánast komin með hið stóra og mikla baráttumál um bundið slitlag til allra stærri byggðakjarna í höfn. Það eru reyndar tvö ár í brýrnar í Gufudalssveitinni en þetta eru 10 erfiðir kílómetrar sem eru nú eftir að því að þetta markmið náist og hægt verði að aka á bundnu slitlagi frá Reykjavík til Patreksfjarðar.

Aukið samstarf um Vestfirði þvera og endilanga á fjölmörgum sviðum hefur aukist síðustu ár. Nefna má að börn allt frá Drangsnesi í Vesturbyggð æfa með Vestra og öll fögnuðum við saman sem einn maður þegar Vestri vann Mjólkurbikar karla nú í ágúst.

Iðnfyrirtæki á svæðinu vinna þvers og kruss og starfsmenn þeirra þekkja vestfirska vegi manna best. Samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum er þétt og mikið í gegnum Fjórðungssamband Vestfirðinga og á þeim vettvangi er unnið að fjölmörgum sameiginlegum verkefnum. Þeirra stærst er vinna við Svæðisskipulag Vestfjarða 2026-2050 sem kynnt verður á Gullkistunni sem vinnslutillaga.

Svæðisskipulagið á að markað meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða og standa öll aðildarsveitarfélög Fjórðungssambands Vestfirðinga að þessu skipulagi. Vinnslutillagan sem nú liggur fyrir til umræðu er í raun drög að skipulaginu og er til þess ætluð að fá sjónarmið og ábendingar frá samfélaginu til að móta sterkara og skýrara skipulag, í þágu íbúa og framtíðarsýnar Vestfjarða. Vestfirðingar eru því eindregið hvattir til að kynna sér vinnslutillöguna og koma með ábendingar telji þeir á því þörf.

Með Gullkistunni eru við því fyrir hönd Vestfirðinga að setja fram kassann og sýna Vestfirði sem líflegt og framsækið svæði sem byggir á sterkum róum og blómstrar með hugviti í átt að sjálfbærri og farsælli framtíð.

GÆGST Í GULLKISTUNA

Vestfirskt atvinnulíf er að breytast og samfélagið líka. Síðustu ár hefur íbúum fjölgað og atvinnulífið tekið miklum breytingum. Sýningunni Gullkistan Vestfirðir er ætlað að draga fram það besta sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða í atvinnulífi og menningu og sýna Vestfirði sem það líflega og framsækna svæði sem þeir eru.

Á Gullkistunni eru yfir áttatíu sýnendur frá öllum Vestfjörðum. Þarna verða fyrirtæki og frumkvöðlar, sveitarfélög og stofnanir auk öflugra vestfirskra menningarvita. Þarna er því kjörið tækifæri til að kynnast vestfirsku atvinnu- og menningarlífi.

Auk sýnenda munu góðir gestir sækja okkur heim en Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir opnar sýninguna eftir að blásarasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar blæs stemninguna í gang. Atvinnuvegaráðherra Hanna Katrín Friðriksson mun ávarpa sýninguna og menntamálaráðherra Guðmundur Kristinsson mun einnig mæta á sýninguna.

Í Menntaskólanum á Ísafirði verða síðan flutt fróðleg erindi og þar mun Guðni Th. Jóhannesson fjalla um útgerð fyrr á tímum, kynnt verða fjárfestingatækifæri á svæðinu og vinnslutillaga svæðisskipulags Vestfjarða mun fá nokkuð ítarlega kynningu.

Fjölbreytt skemmtiatriði verða bæði í sýningarsalnum og anddyri íþróttahússins þar sem fram koma meðal annarra Halldór Smárason, Smári Alfreðsson, Skúli mennski, Ásta, Kvennakór Ísafjarðar, stórsveit Gosa og fjölmargir fleiri.

Ég vil því hvetja Vestfirðinga til að fjölmenna á Torfnes á Ísafirði laugardaginn 6. september næstkomandi milli kl. 12 og 17.

Gylfi Ólafsson
Formaður stjórnar Vestfjarðastofu

GULLKISTAN
VESTFIRÐIR

LÓAN STYÐUR VIÐ NÝSKÖPUN Á VESTFJÖRÐUM

Vestfjarðastofa fékk styrk að upphæð 4.500.000 úr Lóu vegna nýsköpunarhraðals, sem í umsókninni bar vinnuheitið Landið og miðin, en hefur nú formlega hlotið nafngiftina Startup Landið. Vestfjarðastofa fór í umsókninni fram fyrir hönd landshlutasamtakanna sem auk Vestfjarðastofu eru Austurbrú, SASS, SSNE, SSNV, SSS og SSV. Þessir aðilar vinna allir að því að vera frumkvöðlum á landsbyggðinni innan handar við þróun verkefna sinna og því var kjörið að efna til samstarfs um hraðal sem frumkvöðlar vítt og breitt um landið geta í sameiningu sótt á haustmánuðum.

Hraðallinn verður frá 18. september-30. október og fer hann að mestu leyti fram á netinu, en tvær sameiginlegar vinnustofur verða haldnar á tímabilinu. Opnað hefur verið fyrir umsóknir og má sækja um til 31. ágúst 2025. Startup Landið tengir saman náttúru, nýtingu og nýsköpun og leitað er eftir hugmyndum sem styrkja samfélög, skapa störf og skila verðmætum um land allt.

Hér er hægt að sjá heimasíðu Startup Landið og hér Fésbókarsíðu verkefnisins

Þrír styrkir til Vestfjarða
Þrjú vestfirsk verkefni fengu styrk úr Lóu. Cannartica fékk 7.500.000.- fyrir HydroTherma sem er þróunarverkefni með það að markmiði að bæta skilvirkni og sjálfbærni í ræktunarlýsingu með þróun vatnskældra ræktunarljósa.

Marinó Bjarnason fékk 5.290.000.- fyrir verkefnið Traust vegferð, sem snýr að því að þróa á Eysteinseyri námsupplifunarstað hvar jafningjar og geðheilbrigðisstarfsfólk mun taka þátt í upplifunum sem stuðla að miðlun þekkingar og nýsköpun. Framtakinu er ætlað að skapa ný tækifæri fyrir byggðalög á Vestfjörðum til að efla og þróa geðheilbrigðisþjónustu í gegnum alþjóðlegt samstarf.

Gylfi Ólafsson 4.500.000.- fyrir Ný tegund skíðalyftu, sem snýr að því að þróa og smiða frumgerð að skíðalyftu sem er ódýr, sveigjanleg og umhverfisvæn. Lyftan er léttur kassi með mótor, rafhlöðum og stýringu sem dregur sig og skíðamanninn upp eftir kaðli.

Til viðbótar við þau eru áðurnefnt verkefni landshlutasamtakanna og styrkur sem samtök þekkingarsetra hlaut vegna gagnvirkra vinnustofa sem til stendur að halda um allt land þar sem unnið verður að því að auka stafræna hæfni á landsbyggðinni.

FORSETI ÍSLANDS SETUR GULLKISTUNA VESTFIRÐI

Frú Halla Tómasdóttir, forseti Íslands

Það er okkur sannkallaður heiður að segja frá því að Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, mun setja sýninguna Gullkistan Vestfirðir með ávarpi. Að ávarpi loknu mun forsetinn ganga um salinn og heilsa upp á sýnendur og gesti. Sýningin opnar klukkan 12 og eru Vestfirðingar hvattir til að fjölmenna í íþróttahúsið á Torfnesi á Ísafirði til að sjá þessa stórsýningu atvinnulífs og menningar.

Á Gullkistunni verður líka glæsileg dagskrá þar sem vestfirskt tónlistarfólk verður í brennidepli og einnig verður hliðardagskrá í Menntaskólanum á Ísafirði með erindum þar sem Guðni Th. Jóhannesson verður meðal framsögumanna.

Það verður því mikið um dýrðir á Torfnesi á Ísafirði laugardaginn 6. september og eru öll velkomin að taka þátt í gleðinni.

GULLKISTAN
VESTFIRÐIR

UNGMENNAÞING VESTFJARÐA Í BREIÐUVÍK - OPIÐ FYRIR SKRÁNINGAR

Ungmennaþing Vestfjarða 2025 verður haldið á Hótel Breiðuvík dagana 8. september - 10. september. Þingið er opið ungmennum fæddum á árunum 2007-2012 með lögheimili á Vestfjörðum en takmarkað pláss er í boði. Þema þingsins í ár er jafnrétti og verða fjölmörg spennandi erindi eftir því þema. Markmið þingsins er að gefa ungmennum frá Vestfjörðum tækifæri til að kynnast hvort öðru, fræðast um samfélagið og valdefla þau til að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.

Þinginu lýkur með kjöri í Ungmennaráð Vestfjarða, sem starfar sem ráðgefandi nefnd fyrir stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Á þinginu munu þátttakendur hljóta fræðslu, fá tækifæri til að tjá sig og læra hvert af öðru, ásamt því að skemmta sér á kvöldvöku. Þátttaka á þinginu er gjaldfrjáls en verkefnið er styrkt af Erasmus+.

Hér má skrá sig á þingið og verður opið fyrir skráningar til 4. september.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA OPNAR BRÁTT

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða opnar brátt fyrir umsóknir en umsóknarglugginn verður opnaður aðeins fyrr í ár en síðustu ár og stendur hann opinn frá 17. september til hádegis 22. október. Við munum sérstaklega fagna verkefnum sem efla vetrarferðaþjónustu eða stuðla að framþróun í loftslagsmálum, en auðvitað eru allar hugmyndir velkomnar eins og áður.

Í ár verða nokkrar verklagsbreytingar við umsóknir og umsýslu þeirra. Þeir sem sækja um ættu þó ekki að verða fyrir óþægindum, en sjá væntanlega nýtt viðmót og aðeins breytt verklag. Það ætti þó alveg að skýra sig sjálft.

Við höfum gert nokkur myndbönd sem hafa það yfirmarkmið að sýna hversu fjölbreytt verkefni Uppbyggingarsjóður styrkir. Þau hafa verið að birtast á fésbókarsíðu Vestfjarðastofu og halda áfram að birtast þar.

Nánari upplýsingar um Uppbyggingarsjóð má finna hér.

14 UMSAGNIR BÁRUST VEGNA SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA

Vinnslutillaga Svæðisskipulags Vestfjarða var sett í umsögn þann 6. júní með umsagnarfresti til 20. ágúst s.l., innan þessa tíma bárust 14 umsagir frá sveitarfélögum, stofnunum og einstaklingum.

Von er á fleiri umsögnum frá sveitarfélögum sem fengu lengri frest til að skila inn. Svæðisskipulagsnefndin mun koma saman þann 8. september til að fara yfir efni umsagna og fyrstu viðbrögð.

Næstu skref í skipulagsvinnunni er að sveitarfélögin koma saman á fjórðungsþingi þann 16. september n.k. tll að ræða drög að auglýsingartillögu þ.e. hinni endanlegu tillögu með tilliti til umsagna og annarrar umfjöllunar um svæðisskipulagið.

70. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA AÐ HAUSTI

70. FJÓRÐUNGSÞING VESTFIRÐINGA AÐ HAUSTI VERÐUR HALDIÐ 16-17 SEPTEMBER 2025 Í FÉLAGSHEIMILINU HNÍFSDAL

Fjórðungssamband Vestfirðinga er landshlutasamtök allra sveitarfélaga á Vestfjörðum. Markmið sambandsins er að efla og styðja við búsetu, mannlíf og atvinnulíf á Vestfjörðum. að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaga á Vestfjörðum og vinna að hagsmunum og samstarfi þeirra. að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna. að vinna að sameiginlegum málum er löggjafinn kann að fela þeim.

Málaflokkar sem Fjórðungssamband Vestfirðinga fæst við, snúa að byggðaþróun og atvinnumálum, menningarmálum, markaðsmálum og kynningu Vestfjarða.

Ársfundur Fjórðungssambands Vestfirðinga nefnist Fjórðungsþing Vestfirðinga. Fjórðungsþing er haldið tvisvar á ári, Fjórðungsþing að vori sem skal haldið í apríl eða maí og Fjórðungsþing að hausti í september eða október. Hér til hliðar má finna gögn liðinna Fjórðungsþinga en eldri þinggögn en 55. Fjórðungþing má finna í útprentuðum skýrslum á skrifstofu Vestfjarðastofu.

Þingið er einnig afmælisþing Fjórðungssambandsins sem stofnað var í nóvember 1949 og er því að fagna 75 ára starfsemi

Skráning og gögn

VALGEIR JENS VERKEFNASTJÓRI BROTHÆTTRA BYGGÐA Á DRANGSNESI

Valgeir Jens Guðmundsson hefur verið ráðin sem verkefnastjóri Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi. Verkefnið er til 5 ára og er hluti af samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Vestfjarðastofu og Kaldrananeshrepps. Um er að ræða 100% starf með starfsstöð á Drangsnesi.

Valgeir er með meistaragráðu í viðskiptafræði en auk þess er hann með kennsluréttindi og er að leggja loka hönd á meistaranám í menningarstjórnun. Valgeir hefur undanfarið starfað sem verkefnastjóri í Reykjavík, kennt Verkefnastjórnun í Listaháskólanum og verið staðarhaldari á Keldum á Rangárvöllum. Valgeir var skólastjóri á Drangsnesi árin 2008-2012 og hefur síðan verið með annan fótinn í Kaldrananeshreppi.

Valgeir er fæddur og uppalinn í Reykjavík en á rætur að rekja í Önundarfjörð og Trostansfjörð og er afkomandi Bjarna á Sjöundá. Valgeir hóf störf í ágúst og bjóðum við hann velkominn í hópinn.

Vakin er athygli á því að hægt verður að fylgjast með framgangi mála í verkefninu á fésbókarsíðu verkefnisins, sjá hér. Einnig má skoða upplýsingarefni um byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir á heimasíðu Byggðastofnunar hér.
Hægt er að hafa samband við verkefnisstjóra, Valgeir Jens Guðmundsson, á netfangið valgeir@vestfirdir.is

Verkefnisstjórn Brothættra byggða í Kaldrananeshreppi skipa:

- Anna Björg Þórarinsdóttir, fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir, fulltrúi Byggðastofnunar og formaður stjórnar
- Hildur Aradóttir, fulltrúi Kaldrananeshrepps
- Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúi Byggðastofnunar
- Mikael Rafn Steingrímsson, fulltrúi íbúa
- Skúli Gautason, fulltrúi Vestfjarðastofu
- Valgeir Jens Guðmundsson, verkefnisstjóri

GÓÐUR ÍBÚAFUNDUR Á ÞINGEYRI

Íbúafundur á vegum Ísafjarðarbæjar undir yfirskriftinni Framþróun á Þingeyri – Hvað getur samfélagið gert til eflingar atvinnulífs? var haldinn á Þingeyri 26. ágúst og heppnaðist hann vel. Góð mæting var á fundinn og umræður góðar.

Um 30 manns mættu til að ræða um hvað við getum gert sem samfélag til eflingar atvinnulífs á Þingeyri. Á fundinum kynnti Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, ýmsar lausnir og möguleikar í verkfærakistu Byggðastofnunar og Hvetjanda kynnt. Anna Sigríður Ólafsdóttir, verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu var með erindi um Vestfjarðastofu en einnig fór fyrir hönd stofnunarinnar Aðalsteinn Óskarsson sem lengi vann með Dýrfirðingum í gegnum verkefni Brothættra byggða – Öll vötn til Dýrafjarðar.

Á fundinum kom fram eindregin ósk um viðveru Vestfjarðastofu í Blábankanum og verður brugðist við því. Eftir að fundi var slitið komu nokkrir aðilar að máli við fulltrúa Vestfjarðastofu og óskuðu eftir ráðgjöf, sem við glöð veitum hvenær sem þess gerist þörf.

INNVIÐARÁÐHERRA HÉLT OPINN FUND Á ÍSAFIRÐI

Eyjólfur Ármannsson innviðaráðherra hélt opinn íbúafund í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þriðjudaginn 19. ágúst. Tilgangur fundarins var að eiga samráð um málaflokka ráðuneytisins undir yfirskriftinni Fjárfest í innviðum til framtíðar. Vildi ráðherra kalla eftir sjónarmiðum íbúa og sveitarstjórnarfólks um málaflokka ráðuneytisins – samgöngur, sveitarstjórnar- og byggðamál og fjarskipti og stafræna innviði.

Fundurinn var vel sóttur og umræður gagnlegar. Þær munu nýtast vel í vinnu ráðuneytisins við stefnumótun og undirbúning áætlana framundan.

KYNNINGARFUNDIR Á VEGUM RANNÍS Í VESTURBYGGÐ

Kynningarfundir á vegum Rannís í Vesturbyggð

Mennta- og menningarsvið Rannís sækir heim Vesturbyggð dagana 23. - 24. september til að kynna ýmis tækifæri og styrki sem bjóðast í alþjóðasamstarfi. Markmiðið er að kynna tækifæri sem bjóðast innan evrópskra og norrænna styrkjaáætlana:

Erasmus+, áætlun ESB fyrir öll skólastig, æskulýðsmál og íþróttir

Creative Europe, kvikmynda- og menningaráætlun ESB

Nordplus, menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar

Uppbyggingarsjóð EES

Rannís hvetur sveitarfélög, skóla, fræðsluaðila, menningarstofnanir, æskulýðsgeirann, íþróttafélög, fyrirtæki, ungt fólk og öll sem áhuga hafa á alþjóðasamstarfi að nýta tækifærið og mæta. Starfsfólk okkar verður svo til taks eftir kynningarnar fyrir þau sem vilja ræða möguleikana í norrænu og evrópsku samstarfi nánar.

Vesturbyggð
23. september

Kl. 12:00 - 13:00 - Opinn kynningarfundur á Bíldudal, á Vegamótum. Súpa í boði.
Kl. 16:30 - 18:00 - Opinn kynningarfundur í Félagsheimilinu á Patreksfirði. Kaffi og með því.

Starfsfólk Rannís mun einnig heimsækja skóla og fleiri stofnanir í ferðum sínum.
Skráning
Rannís verður einnig á ferðinni á Snæfellsnesi dagana 16-17. september.

Vinsamlegast sendið fyrirspurnir um fundinn til Evu Einarsdóttur kynningarfulltrúa: eva.einarsdottir@rannis.is, sími: 691 3351.

Skráning

JARÐGERÐARVÉLAR TIL SKOÐUNAR Á VESTFJÖRÐUM

Söfnun og endurvinnsla á lífúrgangi er auðveldasta leiðin til þess að hækka enduvinnsluhlutfall af heimilissorpi og hún skilar mikilvægri afurð, moltu sem hægt er að nota sem jarðvegsbæti, í sumum tilfellum í stað áburðar. Við gerð Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs, 2023-2024, kom í ljós að sveitarfélögin á Vestfjörðum áttu öll í ákveðnum vandræðum með endurvinnslu á lífúrgangi. Hjá Sorpsamlagi strandamanna var söfnun ekki hafin og á norðanverðum Vestfjörðum og Vesturbyggð var ljóst að meðhöndlun hans stóðst ekki lagakröfur. Í gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs voru ólíkir jarðgerðamöguleikar skoðaðir sérstaklega og skilaði Stefán Gíslason, ráðgjafi hjá Environice við gerð Svæðisáætlunarinnar, minnisblaði um meðhöndlun lífúrgangs þar sem gerð var grein fyrir ólíkum möguleikum í jarðgerð. Þar fjallaði einn kaflinn, Gámajarðgerð, um jarðgerðarvélar.

Þar sem ekki var farið í ýmis lykilatriði hvað varðar möguleg innkaup jarðgerðavéla í minnisblaði Stefáns, var ákveðið að setja aðgerð í svæðisáætlunina um frekari skoðun á „Jarðgerð í héraði“ Ítarlegri greining á mögulegri tækni til jarðgerðar í smáum stíl og uppsetning jarðgerðaraðstöðu á einum eða fleiri stöðum að teknu tilliti til hagkvæmni og bestu nýtingar auðlinda. Á fundi Úrgangsráðs Vestfjarða þann 23 maí 2025 var ákveðið að setja þessa aðgerð í forgang þar sem málið er afar aðkallandi, þar sem kostnaður vex hratt við meðhöndlun úrgangs.

Á meðal helstu niðurstaðna eru þessar:
1. Jarðgerðarvélar er sveigjanlegur og líklega mjög hagkvæmur kostur þegar kemur að meðhöndlun lífræns úrgangs
2. Gróft viðmið um afkastaþörf véla er um 100 kg. á íbúa á ári. Skoða þarf marga þætti þegar kemur að mati á afkastaþörf
3. Litlar „heima“jarðgerðarvélar (1-4 kg/dag) eru spennandi kostur fyrir dreifbýli
4. Meðalstórar jarðgerðarvélar (25 – 125 kg/dag) eru augljós kostur fyrir minni sveitarfélög, eða minni kjarna stærri sveitarfélaga
5. Stórar vélar eru hagkvæmastar miðað við innkaupsverð á hvert tonn af afkastgetu
6. Samanburður á öðrum þáttum en verði er erfiður á milli véla, þar sem lítil reynsla er komin á vélarnar á Íslandi

Á næstunni verður þessi samantekt lögð fyrir Úrgangsráð Vestfjarða, þar sem fulltrúar frá öllum sveitarfélgum á Vestfjörðum sitja [tengill á Hringrásarhagkerfið | Vestfjarðastofa], og framhaldinu geta sveitarfélögin nýtt sér efni samantektarinnar og fundið jarðgerðarvélar sem henta

EVRÓPUVERKEFNINU BOCOD HRUNDIÐ AF STAÐ Í OULU

Vestfjarðastofa og Austurbrú taka þátt í norrænu jaðarsvæðaverkefni með Munster háskólanum í Cork, Háskóla Oulu, og Laplandi ásamt atvinnuþróunarstofu Joensu í Finnlandi. Verkefnið snýr að þróun stafrænna lausna við kynslóðaskipti, eða því sem á Íslandi er kallað nýliðun. Staðfundur í verkefninu var haldinn í Oulu í Finnlandi síðustu daga ágústmánaðar.

Magnús Þór Bjarnason, er verkefnastjóri í Bocod og segir hann eftir ferðina að einn ánægjulegasti hluti þess að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum er að kynnast því hvernig nálgun og sjónarhorn við svipuð viðfangsefni eru breytileg.

Heimsóknin í Oulu sneri að því að stilla saman strengi varðandi verkefnið, eins og kom á daginn þá var skilningurinn á verkefninu ekki eins.

Í Finnlandi er áherslan í kynslóðaskiptum á þann sem selur og er að hætta, en hér á landi er áhersla á þann sem tekur við samanber hugtakið „nýliðun“. Þessi ólíka nálgun er áhugaverð því í þeirra aðstoð leggja Finnar áherslu á lífið eftir sölu, spurning sem við þyrftum að spyrja oftar.

Verkefnið er til þriggja ára og mun Vestfjarðastofa vinna náið með Austurbrú og Fræðslumiðstöð Vestfjarða að verkefninu.

BOCOD

Boosting Continuity and Digitalisation of Rural Region Businesses

Interreg

Co-funded by the European Union

Northern Periphery and Arctic

BEINT FRÁ BÝLI DAGURINN

Frá árinu 2023 hafa samtök smáframleiðanda matvæla haldið “Beint frá býli” daginn. Þar sem markmiðið að halda fjölskylduvænan hátíðisdag þar sem neytendur geta heimsótt og kynnst lífi og starfi á lögbýli í sínum landshluta, smakkað og keypt vörur af öðrum smáframleiðendum á svæðinu og upplifað hvernig íslenskur matur verður til.

Í ár fór „Beint frá býli“ dagurinn fram sunnudaginn 24. ágúst og á Vestfjörðum fór markaðurinn fram á Hvammi á Barðarströnd þar sem fimm vestfirskir framleiðendur kynntu og seldu vörur sínar. Boðið var upp á lamba og nautakjöt, egg og sveppi ásamt unnum kjötvörum. Einnig var mögulegt að gera pantanir fyrir komandi sláturtíð.

Markaðurinn var vel sóttur af fólki af öllum Vestfjörðum og góð aðsókn af söluborðum. Hvammur og Breiðafjörðurinn naut sín vel á þessum milda og góða sunnudegi.

Beint frá býli er árlegur viðburður og hefur notið stuðnings Vestfjarðastofu. Miðað við áhugan þá er vonandi að þessi söluleið vaxi enn frekar og styrki samfélag okkar.

GULLKISTAN Vestfirðir

STÓRSÝNING ATVINNULÍFS OG MENNINGAR Í ÍÞRÓTTAHÚSINU TORFNESI 6. SEPTEMBER

DAGSKRÁ

STÓRA SVIÐ

12:20 FORSETI ÍSLANDS, HALLA TÓMASDÓTTIR, ÁVARPAR GESTI

KVENNAKÓR ÍSAFJARÐAR TEKUR LAGIÐ

13:30 DJASSDÚÓ:

HALLDÓR SMÁRASON & SMÁRI ALFREÐSSON

15:00 DJÚPMENN:

HALLDÓR SMÁRA, KRISTINN GAUTI & VALDIMAR OLGEIRS

16:00 ATVINNUVEGARÁÐHERRA, HANNA KATRÍN FRIÐRIKSSON, ÁVARPAR GESTI

16:15 STÓRSVEIT GOSA

12:00 SÝNINGAROPNUN

BLÁSARASVEIT TÍ

blæs inn sýninguna við anddyri íþróttahússins

DAGSKRÁ Á TORGINU

- í anddyri íþróttahússins

13:00 SKÚLI MENNSKI

14:00 ELÍN SVEINS & HALLDÓR SMÁRA

14:30 ÁSTA

15:30 SARA SIGNÝJAR

16:45 HALLDÓR SMÁRASON

Kynnir verður Gylfi Ólafsson, formaður stjórnar Vestfjarðastofu

Vestfirsk myndlist verður sýnd í anddyri íþróttahússins

GULLKISTAN VESTFIRÐIR

WWW.VESTFIRDIR.IS/GULLKISTAN

GULLKISTAN Vestfirðir

ERINDI Í MENNTASKÓLANUM Á ÍSAFIRÐI

STÓRSÝNING ATVINNULÍFS OG MENNINGAR

13:00 FLJÚGUM HÆRRA - VESTFIRÐIR FRAMTÍÐAR Í SVÆÐISSKIPULAGI

Hrafnkell Proppé - skipulagsráðgjafi Úrbana

13:20 BLÁMI - VÖXTUR Á VESTFJÖRÐUM

Þorsteinn Másson - framkvæmdastjóri Bláma

14:30 NÝSKÖPUN Á VESTFJÖRÐUM

DóraHlínGísladóttir-framkvæmdastjórivöruþróunar Kerecis

14:50 THE FJORD HUB - HJÓLAFYRIRTÆKI Á ÍSAFIRÐI

Tyler Wacker - framkvæmdastjóri The Fjord Hub

15:10 „ÞÉR ERUÐ AÐ ÓLÖGLEGUM FISKVEIÐUM.“

SAGAN AF FYRSTU TOGVÍRAKLIPPUNNI Í ÞORSKASTRÍÐINU VIÐ BRETA.

Guðni Th. Jóhannesson - Jóns Sigurðssonar prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og fyrrverandi forseti Íslands

GULLKISTAN VESTFIRÐIR

WWW.VESTFIRDIR.IS/GULLKISTAN